

# Starfsáætlun 2024-2025



# Efnisyfirlit

1. Ávarp leikskólastjóra .....	3
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaráætlun .....	4
2.1. Innra mat – Matsáætlun .....	4
2.2. Innra mat síðasta skólaárs – niðurstöður og umbótaráætlun .....	6
2.3. Ytra mat - Foreldrakönnun .....	7
2.3.1. Umbótaráætlun .....	8
3. Áherslur í starfi.....	8
3.1. Áherslur leikskólans næsta starfsár .....	8
4. Starfsmannamál og áætlaniri.....	9
4.1. Starfsmannahópurinn 2024. ....	9
4.1.2. Fundaskipulag 2024-2025.....	9
4.1.1. Tölulega upplýsingar starfsmanna 2024.....	9
4.2. Starfsþróunarsamtöl .....	10
4.3. Símenntun frá síðasta ári .....	11
4.4. Áætlun um símenntun í leikskólanum .....	12
5. Aðrar upplýsingar.....	13
5.1. Barnahópurinn .....	13
5.2. Foreldrasamvinna .....	13
5.2.1. Þátttökuaðlögun .....	14
5.3. Samstarf við aðra skóla og stofnanir .....	14
5.4. Almennar upplýsingar .....	15
5.4.2. Hefðir og menning .....	17
5.4.3. Skóla- og ráðgjafabjónusta Mosfellsbæjar .....	18
5.4.4. Skóla- og ráðgjafabjónusta fræðslu- og frístundasviðs .....	18
5.4.5. Ferli einstaklingsmála.....	18

# 1. ÁVARP LEIKSKÓLASTJÓRA

Hulduberg fagnar nú þeim merka áfanga að hafa starfað í 25 ár, en formleg opnun leikskólans var 2. nóvember árið 1999. Í upphafi bauð leikskólinn upp á menntun fyrir börn á aldrinum 2-5 ára. Tvær deildir voru fyrir börn sem voru í 4-6 klukkustunda vistun og ein deild fyrir börn í 8-9 klukkustunda vistun á dag. Fjórða deildin bættist síðan við á haustmánuðum árið 2000, þar sem boðið var upp á heildagsvistun. Á öllum deildum var aldursblöndun, þar sem markmiðið var að eldri börnin hjálpuðu þeim yngri, sýndu umhyggju og tækju að sér hlutverk 'lærimeistara'. Yngri börnin fengu þannig fyrir tilfinningu fyrir öryggi, trausti og sjálfstrausti með stuðningi og aðstoð frá eldri börnum.

Undanfarin ár hafa þjóðfélagsbreytingar haft áhrif á starfsemi leikskóla og Hulduberg er þar engin undantekning. Núna í dag er Hulduberg, leikskóli fyrir börn á aldrinum frá eins árs til þriggja ára, flest börn dvelja í leikskólanum 8-9 klukkustundir á dag nema föstudaga þá eru flest börnin með vistunartíma til kl 14:00 og fá vetrarfrí, jólafrí og frí í dymbilviku vegna styttri vinnuviku starfsmanna.

Markmið okkar í dag er að byggja á þeim góðum gildum sem hafa þróast með okkur í tímana rás. Með virðingu, umhyggju, framsækni og jákvæðni í farteskinu og þennan flotta starfsmannahóp sem starfar núna á leikskólanum eru okkur allir vegir færir og höldum við bjartsýn nú sem endranær af stað inn í nýtt skólaár

Síðasta skólaár höfum við þátttöku í verkefninu Heilsueflandi leikskóli, þar sem við lögðum áherslu á hollt mataræði leikskólabarna og að elda frá grunni. Á þessu skólaári höfum við aukið áherslu á að efla hreyfiproska ungra barna, með því að fara yfir aðstöðu bæði úti og inni, skoðað efnivið og fá fræðslu með það að markmiði að gera betur í dag en í gær.

Við erum stolt af að hafa starfað í 25 ár og munum áfram leggja okkur fram við að veita börnunum öruggt, umhyggjusamt og framsækið umhverfi. Við hlökkum til að sjá börnin þroskast og dafna á nýju skólaári, með heilsu, vellíðan og gleði að leiðarljósi.

Puríður Stefánsdóttir  
Leikskólastjóri

## 2. MAT Á LEIKSKÓLASTARFI OG UMBÓTARÁÆTLUN

### 2. 1. Innra mat – Matsáætlun

Viðfangsefni	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
<b>Stjórnun</b>				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		X		
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur		X		
Faglegt starf				
Leikskólaþróun og starfsþróun				
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X			
Skipulag náms og námsaðstæður			X	
Úppeldi, menntun og starfshættir			X	
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X		X	
Námsvið leikskólans				
Mat á námi og velferð barna				
Hlutverk leikskólakennara				X
Fagmennska starfsfólks				X
Starfsánægja	X	X	X	X
Viðmót og menning				
Velferð og líðan barna				
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		X		X
Viðhorf foreldra	X	X	X	X
Framkvæmd				
Gagnaöflun og vinnubrögð				
Opinber birting og umbætur				

Matsáætlun - Skammtímaáætlun

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Verklagsreglur	Meta ýmsa verkferla leikskólans	Gátlist	Rýnihópar	Nóvember – gagnaöflun og úrvinnsla	Stjórnendateymi skólans
Leikur	Er að meta hvort efniviður skólans stuðli að þeim markmiðum sem við setjum okkur í skólanámskránni	Gátlisti	Rýnihópar Vettvangsathuganir	Apríl - Gagnaöflun Maí - Úrvinnsla	Jóna Rún
Starfsánægja	Innsýn í líðan starfsfólks í hverjum mánuði. Til að gera enn betur fyrir starfsfólkið	Að vera á „grænu“	Moodup kerfið	Allt árið	Puríður Stefánsdóttir

## 2.2. Innra mat síðasta skólaárs – niðurstöður og umbótaráætlun

### **Sjálfsmat/Skipulag náms og námsaðstæður/ Uppeldi, menntun og starfshættir**

Veturinn 2023-2024 var skipulagt starf á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum, frá klukkan 9:00 til 10:00. Hver stund stóð í um það bil 20 mínútur og voru stundirnar sem hér segir: *Markviss málörvun*, *Blæstund* og *Hreyfistund* og *Þemavinnan* var unnin hvenær sem er yfir daginn. Einn hópstjóri sá um stundirnar og skipulagði stundirnar ásamt öðrum hópstjórum. Sex hópstjórar voru yfir *Markvissri málörvun* og sex hópstjórar voru yfir *Blæstundunum* og svo framvegis.

Málörvunarstundir voru skipulagðar með það í huga að efla orðaforða barnanna, nota tákni með tali og fylgja Bínu-reglunum.

Blæstundir höfðu það markmið að efla umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki.

Hreyfistundir voru nýttar til að efla grófhreyfingar barna, þjálfva jafnvægi, samhæfingu og styrk.

Þemavinnan var unnin með tillit til þema mánaðarins, með það að markmiði að efla fínhreyfingar og sköpunarkraft barna.

Niðurstöður á mati sýnir fram á að börnin hafi notið skipulagðra stunda og að verkefnin hafi verið við hæfi. Börnin höfðu áhuga á þeim verkefnum sem voru í boði hverju sinni og vorum jafnframt virk. Þó kemur fram að sveigjanlegra skipulag gæti verið til bóta, sérstaklega ef börnin sýna aukinn áhuga á meðan á stundunum stendur.

Í ljósi niðurstaðna frá matinu er ljóst að núverandi skipulag virkar almennt vel. Börnin njóta þess að taka þátt í skipulögðum stundum og þær eru hvorki of stuttar né of langar. Hins vegar gefur aukinn áhugi barnanna tilefni til að endurskoða tímalengd stundanna, sérstaklega þar sem meiri sveigjanleiki gæti aukið virkni og þátttöku þeirra. Jafnframt var ákveðið að hafa Lubba með í markvissri málörvunar stundunum. Hvað varðar *Þemavinnuna* var ákveðið að leggja áherslu á ferlið sjálft en útkomuna, einnig að styðja við börnin að kanna ýmsan efnivið, leika sér með hugmyndir sínar og fá að njóta sín. Eftir matið var ákveðið að halda sama skipulagi nema að hafa stundirnar á mánu-, þriðju- og fimmtudögum á sama tíma og vera sveigjanlegur ef tíminn þarf að vera lengri.

## 2. 3. Ytra mat- Foreldrakönnun

Fjöldi þátttakenda: 98

Fjöldi svarenda: 85

Svarhlutfall: 86,7%

1.2. Ánægja foreldra með stjórnun 97,5%  
(Breyting 0,1% - Mismunur/Landið 1,4%)

1.6. Ánægja með húsnæði og aðstöðu 96,4%  
(Breyting 1,2% - Mismunur/Landið 9,4%)

2.3. Félagsleg samskipti 96,0%  
(Breyting -2,2% - Mismunur/Landið 1,7%)

3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans 95,0%  
(Breyting 4,2% - Mismunur/Landið 1,5%)

Tækifæri til úrbóta:

Þó að hækkun á mælingu frá fyrri könnun, viljum við sjá hærrí tölur í næstu könnun og eru hér tækifæri til úrbóta.

3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu 75,7%  
(Breyting 14,0% - Mismunur/Landið -2,7%)

Til úrbóta:

- Nú erum við með foreldrakaffi í byrjun nóvember þegar leikskólinn á afmæli og svo eftir áramót á degi leikskólans.

- Foreldrafélagið er með tvö námskeið á kvöldin fyrir foreldra yfir árið. – Sumarhátíð leikskólans er í júní.

- Eins og staðan er í dag, þá bætum við ekki við fleiri viðburðum sem foreldrar taka þátt í leikskólanum.

- Finna aðrar leiðir til að foreldrar geti haft tækifæri til þátttöku í leikskólastarfinu – fá hugmyndir frá foreldrum.

3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans 77,5% (Breyting -0,1% - Mismunur/Landið -4,1%)

Til úrbóta:

- Erum enn að vinna að stefnum og námskrá leikskólans. Slíkt tekur tíma.

- Verkefnið Heilsueflandi leikskóla byrjaði í september 2023 og erum við að vinna að matarstefnu leikskólans út frá verkefninu

3.1. Upplýsingamiðlun 78,3% (Breyting 1,3% - Mismunur/Landið 0,0%)  
78,5% foreldrar eru mjög sammála og frekar sammála að þeir séu vel upplýstir um viðfangsefni sem unnið er að á deildinni.

Til úrbóta:

- Aukin skilaboð til foreldra um daglegt starf leikskólans með ýmsum leiðum

4.1. Leikskólabyrjun 72,7% (Breyting 11,2% - Mismunur/Landið -3,7%)

Til úrbóta:

- Gefa foreldrum tækifæri til að funda fyrir aðlögun með deildarstjóra

- Að foreldrar gefi leikskólanum upplýsingar um barnið fyrir aðlögun (áhugamál, snuðnotkun og þess háttar)

- Skoða skipulagið – hvort hægt sé að skipta aðlögunarhópnum á fleiri svæði

- Gefa foreldrum meiri upplýsingar um leikskólastarfið frá leikskólakennara á aðlögunartímanum

### 2.3.1. Umbótaráætlun

Umbótarþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímasetning	Árangur/mat
Skipulag náms og námsaðstæður + Uppeldi, menntun og starfshættir	Huga frekar að áhuga barnanna heldur en tímarammanum Efla skapandi starf	Að hafa sveigjanleika hvað varðar tímann á skipulögðu starfi. Starfsmenn fá fræðslu varðandi skapandi starf	Allir hópstjórar	Allt árið	Endurmat í vor
Foreldrakönnun	Sjá ytra mat _ foreldrakönnun	Sjá ytra mat _ foreldrakönnun	Allir starfsmenn	Allt árið	Endurmat í vor

## 3. ÁHERSLUR Í STARFI

### 3.1. Áherslur leikskólans næsta starfsár

Verkefni /Markmið	Verkferill	Ábyrgð	Tímasetningar	Árangur/mat
Snerpuviðtöl	2 snerpuviðtöl yfir árið með ca 5-6 mánaða millibili	Deildarstjórar	2024- 2025	Að hver starfsmaður fái 3 snerpuviðtöl yfir árið frá deildarstjóra
Heilsueflandi leikskóli	Taka fyrir næstu skref í verkefninu sem er: Hreyfing	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	2024- 2025	Staðan tekin í janúar 2024 og í maí 2025
Teymisvinna	Vera með fasta tíma á miðvikudögum frá 9:00-10:00 Annar hvern föstudag verður lausnateymisfundur	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	2024- 2025	Staðan tekin í janúar 2024 og í maí 2025
Starfendarannsóknir	Kynning fyrir deildarstjóra um starfendarannsóknir	Aðstoðarleikskólastjóri	September 2024	Staðan tekin vorið 2025
Skapandi starf	Huga að ferlinu sjálfu en ekki útkomunni	Allir starfsmenn	2024- 2025	Staðan tekin vorið 2025/ Gátlisti – Rýnihópar og farið yfir myndaskráningu



## 4.STARFSMANNAMÁL OG ÁÆTLANIRI

### 4.1. Starfsmannahópurinn 2024.

Á Huldubergi er lögð áhersla á gott samstarf allra starfsmanna og virðingu í starfi. Starfslýsingar eru aðgengilegar öllum starfsmönnum í tölvum leikskólans ásamt því að starfsmannakver fer inn á allar deildar þar sem starfslýsingar eru í fylgiriti. Þann 1. september 2024 störfuðu 38 starfsmenn á leikskólanum, 14 af þeim með háskólapróf og þar af 3 með leyfisbréf til kennslu og eru fjórir starfsmenn að sækja sér kennsluréttindi . Fjölbreyttur hópur starfsmanna starfar á Huldubergi, einn ensku fyrir móðurmál, einn albanísku, fimm pólsku, einn rúmensku, einn búlgarska, einn litháensku og einn kínversku.

#### 4.1.1. Tölulega upplýsingar starfsmanna 2024

Mannauður	Fjöldi starfsmanna/ staða 1. sept 24
Fj. starfsm. 0 - 1 árs starfsaldur	12
Fj. starfsm.1 - 5 ára starfsaldur	13
Fj. starfsm. 5 - 10 ára starfsaldur	4
Fj. starfsm. 10-20 ára starfsaldur	9
Fjöldi leikskólakennara	3
Fjöldi aðstoðarleikskólakennara	3
Leikskólasérkennari	0
Tónlistarkennari	1
Fjöldi karlkyns starfsmanna	3
Fjöldi starfsmanna í leikskólak.námi	4
Fjöldi starfsmanna í framhaldsnámi	1

#### 4.1.2. Fundaskipulag 2024-2025

Dagsetning	Fundir
02. október	Deildarfundur
09. október	Skemmtinefndafundur
16. október	Teymisfundur/ Heilsueflandi
23. október	Teymisfundur/Innra mat
30. október	Deildarfundur
06. nóvember	Skemmtinefndafundur
13. nóvember	Snerpiviðtöl (T+M)
20. nóvember	Snerpiviðtöl (Á+Si)
27. nóvember	Snerpiviðtöl (F+St)
04. desember	Fundur/Frjálst viðfangsefni
11. desember	Teymisfundur/Blær
18. desember	Teymisfundur/Hreyfistund
08. janúar	Teymisfundur/Þemavinna
15. janúar	Teymisfundur/Málörvun
22. janúar	Deildarfundur
29. janúar	Teymisfundur/ Heilsueflandi
5. febrúar	Fundur/Frjálst viðfangsefni
12. febrúar	Fundur/Frjálst viðfangsefni
19. febrúar	Deildarfundur
26. febrúar	Skemmtinefndafundur
12. mars	Fundur/Frjálst viðfangsefni
19. mars	Snerpiviðtöl (T+M)
26. mars	Snerpiviðtöl (Á+Si)
02. apríl	Snerpiviðtöl (F+St)
9. apríl	Teymisfundur/Innra mat
30. apríl	Skemmtinefndafundur
07. maí	Deildarfundur
Föstudagar	Deildarstjórafundur/ Lausnateymisfundir

## 4.2. Starfsþróunarsamtöl

Áherslur okkar er að starfsfólki líði vel og hlustað sé á það og mikilvægt er að byggja upp jákvæðni innan starfsmannahópsins. Markmið okkar er því að starfsfólk fái tvo snerpuviðtöl yfir skólaárið sem standa yfir í um 15.mínútur í senn. Snerpuviðtöl gefa starfsmönnum kleift að vera í góðum samskiptum við stjórnendur og fá reglulega tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

### Reglubundið samtal stjórnanda og starfsmanns

Starfsmannasamtal er samningsbundið, reglulegt samtal á milli stjórnanda og starfsmanns til að ræða um allt það er snýr að vinnunni og vinnuumhverfi viðkomandi. Tilgangur starfsmannasamtals er ávallt að rýna í starfið með það að leiðarljósi hvort gera þurfi umbætur á starfinu. Starfsmannasamtali er jafnframt ætlað að stuðla að bættum samskiptum og upplýsingaflæði og þannig byggja upp traust og tryggð milli starfsmanns og stjórnanda. Algennt er að starfsmaður setji sér markmið í starfi í samráði við stjórnanda og saman fari þeir yfir hvernig starfsmaðurinn muni vinna að þeim sem og með hvaða hætti stjórnandi og stofnunin geta gert starfsmanni kleift að ná markmiðum sínum.

Hvað	Hver	Hvenær	Ábyrgð
Snerpuviðtöl	Allir starfsmenn/ nema stjórnendur	nóvember 2024	Deildarstjórar
Snerpuviðtöl	Allir starfsmenn/ nema stjórnendur	Mars 2024	Deildarstjórar
Starfsmannasamtal	Allir stjórnendur	Apríl 2024	Leikskólastjóri

### 4.3. Símenntun frá síðasta ári

Starfsþróun 2023-2024	Markmið	Þátttakendur	Tímafjöldi	Kostnaður/ Greiðandi	Námskeiðshald/Ábyrgð /staðsetning
<b>Nýliðanámskeið</b>	Allir nýir starfsmenn fá innsýn inn í hvernig stjórnábyrgð virkar og einnig að fá helstu upplýsingar um vinnustaðinn Mosfellsbæ	Nýir starfsmenn	1 klst	Mosfellsbær	Námskeið á netinu
<b>Fræðsludagur leikskóla Mosfellsbæjar 28/9</b>		Allir starfsmenn		Mosfellsbær	Mosfellsbær
<b>Skyndihjálparnámskeið</b>	Auka öryggi og kunnáttu starfsmanna hvað varðar öryggi barna	Allir starfsmenn	Skólaárið 2023-2024	Leikskólinn	Guðmundur Ingi Rúnarsson
<b>Fjarnám hjá HI í leikskólakennarafræðum</b>	Menntun til leikskólakennara	Ásta María, Lilja, Valborg, Hrafnhildur og Caihla		Starfsmaður	Háskóli Íslands
<b>Fjarnám hjá HI í stjórnun menntastofnanna</b>	Menntun til stjórnunar innan menntastofnanna	Jóna Rún		Starfsmaður	Háskóli Íslands
<b>Fyrirlestur – „Margur er knár þótt hann sé smár“</b>	Að starfsmenn öðlist innsýn á hvernig ung börn læra. Hvað hefur áhrif á þroska þeirra og gott námsumhverfi. Starfsmenn fá kynning á öryggishringinn	Allir starfsmenn	2 klst.	Mosfellsbær	Sigríður Síta Pétursdóttir
<b>Tákn með tali</b>	Hægt sé að nota TMT í leikskólastarfi og fyrir þau börn sem þurfa	Starfsmenn Stuðlabergs	4klst	Leikskólinn	Greiningarstöð
<b>Tras námskeið</b>	Réttindi til að sinna TRAS skráningum	Magnea Ásta, Ásta María og Hrafnhildur	október	Leikskólinn	

#### 4.4. Áætlun um símenntun í leikskólanum

Starfsþróun 2024-2025	Markmið	Þátttakendur	Tímafjöldi	Kostnaður/ Greiðandi	Námskeiðshald/Ábyrgð /staðsetning
<b>Nýliðanámskeið</b>	Nýir starfsmenn fá innsýn inn í hvernig starf leikskóla er háttað	Allir nýir starfsmenn	1 klst	Mosfellsbær	Þrúður Hjelm
<b>Fræðsludagur leikskóla Mosfellsbæjar 20/9</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Kynning á skólanámskrá leikskólans</li> <li>- Geðtengsl barna</li> <li>- Skapandi starf</li> </ul>	Allir starfsmenn	8:00-14:00	Leikskólinn	Leikskólinn Hulduberg
<b>Fjarnám hjá HI í leikskólakennarafræðum</b>	Menntun til leikskólakennara	Lilja, Hrafnhildur, Valborg og Ásta María	Skólaárið 2023-2024	Lilja, Hrafnhildur, Valborg og Ásta María	Háskóli Íslands
<b>Fjarnám hjá HI, framhaldsnám í stjórnun</b>	Menntun til stjórnunar innan menntastofnanna	Jóna Rún	Skólaárið 2023-2024	Jóna Rún	Háskóli Íslands
<b>Fyrirlestur Um farsæl barna</b>	Allir starfsmenn fá upplýsingar um farsældarhringurinn	Allir starfsmenn	2 klst	Mosfellsbær	Leikskólinn Hulduberg
<b>Fyrirlestur Hegðun, þarfir og líðan barna</b>	Allir starfsmenn fá innsýn inn í hegðun, þarfir og líðan leikskólabarna	Allir starfsmenn	2 klst	Mosfellsbær	Laufey Dís Ragnarsdóttir
<b>Tvítýngd börn</b>	Ráðgjöf og fræðsla	Starfsmenn Tröllabergs	1 klst	Mosfellsbær	Kristín Edda
<b>Kraganámskeið</b>	Ýmis fræðsla	Starfsmenn Huldubergs		Mosfellsbær	Ýmsir aðilar

## 5. AÐRAR UPPLÝSINGAR

### 5.1. Barnahópurinn

Tölulegar upplýsingar 2024												
Börnin	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
Heildarfjöldi barna	101	102				102		100	100	100		
Drengir						58		58		57		
Stúlkur						44		42		43		
Fjöldi tvítyngdra barna	4	4				5		4		3		
Tungumál (íslenska-ensk)	1	1				1		1		1		
Tungumál (íslenska-rússneska)	1	1				1		1				
Tungumál (íslenska-kínverska)	1	1				1						
Tungumál (íslenska-franska)	1	1				1						
Tungumál (íslenska-danska)						1						
Tungumál (íslenska- Filippseyska )								1		1		
Tungumál (íslenska- Þýska )								1		1		
Tungumál (pólska)	4	4				3		3		3		
Tungumál (spænska)	1	1				1						
Tungumál (enska)		1				1		1		1		
Tungumál (Lithuanian)	1	1				1		2		2		
Fjöldi erlendra barna	7	8				6		6		6		
Fjöldi barna í 5-7 klst vistun	4	4				1						
Fjöldi barna í 8-9 klst vistun	97	98				101						
Fjöldi nýrra barna		1						58		1		

### 5.2. Foreldrasamvinna

Samkvæmt lögum (90/2008) er foreldrasamstarf einn mikilvægasti þátturinn í leikskólastarfinu. Leikskólinn annast uppeldi og menntun leikskólabarna að ósk foreldra þeirra. Foreldrar veita nauðsynlegar upplýsingar til leikskólans til að tryggja velferð barna sinna. Starfsfólk leikskólans sér um að stuðla að samstarfi að frumkvæði leikskólastjóra (Lög um leikskóla, 2008).

Við leikskólann Hulduberg er starfandi foreldrafélag sem stofnað var árið 2000. Allir foreldrar/forráðamenn verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir viðburðum og ferðum fyrir börnin sem og ýmsum fyrirlestrum. Safnað hefur verið í sjóð með því að senda út kröfu í heimabanka. Reynt er að stilla upphæð í hóf og ekki er markmið að safna fjármunum. Stjórn félagsins er skipuð 12 fulltrúum, tveimur frá hverri deild. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna. Auk foreldrafélagsins er starfandi foreldraráð í Huldubergi. Kosið er í það á ári hverju (skv. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90), að lágmarki þrjá foreldra.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og fræðslunefndar (sbr. 2 .gr, 4 .gr. laga um leikskóla nr. 90) um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Góð samskipti við foreldra er undirstaða góðrar foreldrasamvinnu því höfum við ákveðið að hafa foreldraviðtöl tvisvar á ári í stað einu sinni, fyrsta viðtal verður í október og annað viðtal í byrjun mars. Foreldrum verður gefið tækifæri á símaviðtali, viðtal í gegnum fjarfundarbúnað eða viðtal á leikskólanum. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri á að spyrja spurninga og koma óskum sínum á framfæri ásamt því að deildarstjóri gefur foreldrum upplýsingar er varðar barn þeirra.

Fréttabréf leikskólans er gefið út einu sinni í mánuði í lok mánaðar þar sem koma fram myndir og upplýsingar um starfið í þeim mánuði sem var að líða og upplýsingar fyrir foreldra fyrir komandi mánuð.

#### 5.2.1. Þátttökuáðlögun

Þátttökuáðlögun byggist á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað. Foreldri sinni eigin barni, skiptir á því, gefur því að borða, leikur með því og er til staðar fyrir það. Markmiðið er að barnið kynnist leikskólanum og starfsmönnum á rólegan og öruggan hátt með stuðningi foreldra sinna. Foreldri kynnist starfsfólkinu og öðrum foreldrum. Mikilvægt er að foreldri sé jákvætt og sátt með aðlögunina því það smitast yfir á barnið. Þátttökuáðlögun byggir á þeirri trú að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennnd yfir til barna sinna.

#### 5.3. Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Samstarf hefur verið á milli Huldubergs og Höfðabergs þegar kemur að flutningi elstu barna yfir á Höfðaberg. Haldnir eru fundir með stjórnendum hvors leikskóla og upplýsingum miðlað áfram, ásamt því að börnin fara í nokkrar heimsóknir áður en sumarleyfi hefst. Sumarleikskólinn er einnig samstarfsverkefni leikskóla Mosfellsbæjar. Fyrirkomulag sumarleikskólans er sá að allir leikskólar bæjarins sameinast á einn leikskóla og hinir skólar geta þá nýtt lokunina í viðhald ef þurfa þykir.

## 5.4. Almennar upplýsingar

Nafn leikskóla: **Samræmt í leikskólum Mos**  
 10 skólur á milli (bústaðir 198 kl. 14)  
 Framhaldsgættir Mosfellsbæjar 20. sept. 2024  
 Starfsdagur em 4

### Leikskóladagatal 2024 - 2025

Samband íslenskra  
 sveitarfélaga

ÁGIST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JUNÍ	JULÍ
1. F. Samræðing	1. S	1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. L	1. L	1. Þ	1. F	1. S	1. Þ
2. F. Samræðing (okk. 4. vikur)	2. M	2. M	2. L	2. M	2. F	2. S	2. S	2. M	2. F	2. M	2. M
3. L	3. Þ	3. F	3. S	3. Þ	3. F	3. M	3. M	3. Þ	3. L	3. Þ	3. F
4. S	4. M	4. F	4. M	4. M	4. L	4. Þ	4. Þ	4. F	4. S	4. M	4. F
5. M/Ódögur samræðinganna	5. F	5. L	5. Þ	5. S	5. S	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F	5. L
6. Þ	6. M	6. S	6. M	6. F	6. M	6. F	6. F	6. S	6. Þ	6. F	6. S
7. M	7. L	7. M	7. L	7. Þ	7. Þ	7. F	7. F	7. M	7. L	7. L	7. M
8. F	8. S	8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. L	8. L	8. Þ	8. F	8. S	8. Þ
9. F	9. M	9. M	9. L	9. M	9. F	9. S	9. S	9. M	9. F	9. M	9. M
10. L	10. Þ	10. F	10. Þ	10. F	10. F	10. M	10. M	10. L	10. L	10. F	10. F
11. S	11. M	11. F	11. M	11. M	11. L	11. Þ	11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. F
12. M	12. F	12. L	12. Þ	12. S	12. S	12. M	12. M	12. L	12. M	12. F	12. L
13. F	13. M	13. S	13. F	13. F	13. M	13. F	13. F	13. Þ	13. Þ	13. F	13. S
14. M	14. L	14. M	14. F	14. L	14. Þ	14. F	14. F	14. M	14. M	14. L	14. M
15. F	15. Þ	15. S	15. F	15. S	15. M	15. L	15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. Þ
16. M	16. M	16. F	16. M	16. F	16. F	16. S	16. S	16. M	16. F	16. M	16. M
17. L	17. Þ	17. S	17. F	17. F	17. F	17. M	17. M	17. L	17. L	17. Þ	17. F
18. S	18. M	18. F	18. M	18. L	18. L	18. Þ	18. Þ	18. S	18. S	18. M	18. F
19. F	19. L	19. L	19. M	19. S	19. S	19. M	19. M	19. L	19. M	19. F	19. L
20. Þ	20. S	20. M	20. M	20. F	20. M	20. F	20. F	20. Þ	20. S	20. S	20. S
21. M	21. L	21. M	21. F	21. L	21. Þ	21. F	21. F	21. M	21. M	21. L	21. M
22. F	22. Þ	22. S	22. F	22. S	22. M	22. L	22. L	22. Þ	22. F	22. S	22. Þ
23. F	23. M	23. M	23. L	23. F	23. F	23. M	23. S	23. M	23. F	23. M	23. M
24. L	24. Þ	24. F	24. S	24. M	24. F	24. M	24. M	24. F	24. L	24. D	24. F
25. S	25. M	25. F	25. M	25. L	25. M	25. Þ	25. Þ	25. S	25. S	25. M	25. F
26. M	26. L	26. M	26. F	26. S	26. M	26. M	26. M	26. F	26. M	26. F	26. L
27. F	27. F	27. S	27. M	27. F	27. M	27. F	27. F	27. Þ	27. Þ	27. S	27. S
28. M	28. L	28. M	28. F	28. S	28. M	28. F	28. F	28. M	28. M	28. L	28. M
29. F	29. S	29. Þ	29. M	29. F	29. M	29. L	29. L	29. Þ	29. F	29. S	29. Þ
30. M	30. M	30. M	30. L	30. F	30. F	30. S	30. S	30. M	30. F	30. M	30. M
31. L	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. M	31. M	31. L	31. L		

Skóladagatal 2024-2025  
 Handbók um velferð og öryggi barna í  
 leikskólum  
 Farsæld barna  
 Menntastefna

HULDUBERG

# Heimurinn er okkar

## Vöxtur

Starfsfólk	Nemendur
<b>Lærdómssamfélag</b> Starfendramsökni, teymisvinna, snerpuvæðing og starfsþróun.	<b>Menntandi umhyggja</b> Að veita hverju barni umhyggju, stuðning og orggi.
<b>Á sömu leið</b> Samvinna og samtdó á milli allra hagamunaaðila.	<b>Jákvæður agi</b> Ella félagsstærni og lífaleikni, viðngu og umhyggju fyrir öðrum.
<b>Heilsuefandi skóli</b> Að skapa umhverfi og aðstæður þar sem öllum líður vel.	<b>Heilsuefandi skóli</b> Að skapa umhverfi og aðstæður þar sem öllum líður vel.

## Samvinna

Starfsfólk	Nemendur
<b>Teymisvinna</b> Nýta þekkingu og reynslu allra aðila með góðu og uppbyggilegu samstarfi.	<b>Styðjandi umhverfi</b> Í gegnum leik og starf hvetjum við börnin til samvinnu.
<b>Foreldrasamstarf</b> Með góðu samstarfi og uppbyggjallaði á milli heimilis og skóla.	<b>Foreldrasamstarf</b> Með góðu samstarfi og uppbyggjallaði á milli heimilis og skóla.
<b>Samstarf á milli deilda</b> Höfín vinna vel saman, nýting á mannaúði og ymi félagskólans.	<b>Samstarf á milli deilda</b> Höfín vinna vel saman, nýting á mannaúði og ymi félagskólans.

## Fjölbreytni

Starfsfólk	Nemendur
<b>Efla fagaúð leikskólans</b> Tækifæri til menntunar og endurmenntunar.	<b>Leikur</b> Efla aðhliða þroska barna með fjölbreyttum efniviði og nými til leika.
<b>Nýting á mannaúði</b> Deild foyrgata. Nýja styrkleika starfsfólks.	<b>Skipulagðar stundir</b> Blær vinnuæfingarni, þemaávinna, markkviss malörvun og hreyfistundir.
	<b>Flæði/Svæði</b> Börnin hafa aðgang að öllu nými skólans.



PMSE Menntastofna Menntaskólans 2022-2030  
mentastofna.mos.is





#### 5.4.2. Hefðir og menning

Í leikskólanum fá börnin að njóta fjölbreyttrar menningar og lista, hér í leikskólanum hafa myndast ýmsar hefðir með börnunum en þær eru:

**Afmæli Huldubergs: 2. nóvember** á leikskólinn afmæli en hann var opnaður árið 1999. Pizza er í hádeginu og súkkulaðikaka í nónhressingu. Foreldrakaffi í lok dags.

**Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember:** Hugmynd að fá lestur

**Fullveldisdagurinn 1. desember:** Verðum með vöflukaffi

**Jólin:** Í nóvember byrjar undirbúningur aðventunnar með tilheyrandi fræðslu og söng og börnin byrja að búa til jólagjafir handa foreldrum sínum í leikskólanum. Leikskólinn er skreyttur í desember og haldið er jólaball, jólasveinninn kemur í heimsókn og hátíðamat er í hádeginu. Jóladaatal leikskólans: Börnin koma með innpakkaða bók í leikskólann og ein bók er lesin fram að jólum.

**Tannverndarvika:** Þema vikunnar - Tannvernd .

**Dagur leikskólans:** Við höldum daginn hátíðlegan.

**Menningarvika leikskóla Mosfellsbæjar:** Listaverk frá börnunum í gluggum leikskólans.

**Kærleiksvikan:** Leggjum áherslu á kærleikann.

**Í túninu heima:** Leikskólinn tekur þátt í bæjarhátíðinni Í túninu heima sem haldin er síðustu helgina í ágúst. Mismunandi er með hvaða hætti það er gert en við skreytum alltaf umhverfið í hverfislitnum (gulur).

**Bolludagur-Sprengidagur-Öskudagur:** Á Bolludag eru fiskibollur í hádeginu og rjólabollur í nónhressingu. Á Sprengidag er borðað saltkjöt og baunir. Á þennan hátt er hugað að gamalli íslenskri matarhefð. Á Öskudag mæta börnin í grímubúningi og “kötturinn” er sleginn úr tunnunni en í henni er smá glaðningur fyrir hvert barn. Við sláum svo upp dansleik og skemmtilegheitum á eftir.

**Þjóðhátíðardagurinn 17. Júní (16.júní)/sumarhátíð:** Sumarhátíð leikskólans er skipulögð af foreldrafélagi skólans og er hún haldin í kringum 17. júní. Starfsmenn skreyta garðinn fyrir hátíðina og fá foreldrar boð á fjölskyldu hátíð í garðinum þar sem boðið er upp á pylsur og safa, andlitsmálningu og „skemmtiatriði“.

**Bangsadagur: 27. október** er alþjóðardagur bangsa. Börnin mega koma með uppáhalds bangsann í leikskólann. – Við syngjum bangsalög, lesum bækur um bangsa ofl.

#### 5.4.3 Skóla- og ráðgjafarþjónusta Mosfellsbæjar

Á fræðslu- og frístundasviði Mosfellsbæjar er starfrækt skóla- og ráðgjafarþjónusta fyrir leik- og grunnskóla bæjarins. Í reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum 444/2019 stendur um inntak og markmið skólaþjónustu:

Skólaþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við börn í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.

Skólaþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

#### 5.4.4. Skóla- og ráðgjafarþjónusta fræðslu- og frístundasviðs

Í skóla- og ráðgjafarþjónustu starfa sálfræðingar, talmeinafræðingur og ráðgjafar í leik- og grunnskólamálum.

Starfsfólk skóla- og ráðgjafarþjónustu vinnur í nánú samstarfi við skólastjórnendur og deildarstjóra stoðþjónustu/sérkennslustjóra og situr í nemendaverndarráðum grunnskóla og samráðsteymum leikskóla. Starfsfólk skóla- og ráðgjafarþjónustu veitir stuðning, ráðgjöf og fræðslu til barna, foreldra og starfsfólks skóla auk þess sem lagðar eru fyrir athuganir og greiningar þegar þess gerist þörf. Einnig er eftirfylgd í einstaklingsmálum svo sem þátttaka í stuðningsteymi barns. Þá hefur starfsfólk einnig samstarf við aðra fagaðila og stofnanir, s.s. velferðarþjónustu og heilbrigðisþjónustu í þágu farsældar barna.

#### 5.4.5 Ferli einstaklingsmála

Ef foreldri hefur áhyggjur af þroska barns, hegðun, líðan eða námserfiðleikum hefur foreldri samband við deildarstjóra barns í leikskólanum/umsjónarkennara barnsins í grunnskólanum. Deildarstjóri deildar eða umsjónarkennari leitar með málið til sérkennslustjóra/deildarstjóra stigs eða stoðþjónustu skólans. Skóli virkjar sína verkferla til að meta og greina stöðuna og hvaða íhlutun þurfi til að styðja við barnið. Verkferlar skóla geta meðal annars falið í sér aukið samstarf við foreldra, viðtal við barn, skoðun á fyrirliggjandi gögnum um barnið, skráningu áætlunar til að bregðast við og styðja við barnið, íhlutun, þjálfun og sérstuðning allt eftir eðli máls. Á þessu stigi getur skóli óskað eftir ráðgjöf frá skóla- og ráðgjafarþjónustu fræðslu- og frístundasviðs með því að fylla út „Kortlagningu skóla“ og óska eftir ráðgjöf.